

Prentsögusetur, 3. fundur stjórnar þann 11. apríl kl. 16:30 haldinn á Lynghálasi.

Mættir voru; Tryggvi Þór Agnarsson, Ágúst Guðjónsson, Díana H. Sigurfinnsdóttir, Jón Trausti Harðarson, Ævar Rafn Kjartansson og Lilja Rut Baldursdóttir. Fjarverandi, Katrín Jónsdóttir.

Fyrsti fundur eftir ársfund þar sem Lilja Rut kom inn í staðinn fyrir Hjört Guðnason.

Trausti upplýsir um að við fáum ekki styrk frá Rannís, en sótt var um tvo mismunandi styrki.

Hugmynd um að sækja styrk til Evrópusambandsins, Trausti ætlar að vera í sambandi við Kristjönu hjá lðunni varðandi þá umsókn.

Hugmynd um að sækja um styrk til Kaupfélags Skagfirðinga, Díana ætlar að skoða það mál.

Ævar ræddi við Ara Gísla Bragason í Fornbókabúðinni, hann er til í að láta okkur hafa annan útstillingargluggann til að auglýsa Prentsögusetur með það í huga að auglýsa okkur og ná í fleiri félagsmenn.

Samhentir Kassagerð, Trausti ætlar að kanna með styrk þar og einnig hjá Svansprent og Prentmiðlun.

Kynningarefni varðandi umsóknir um styrki þarf að klára, Ævar er að vinna efni. Einnig þarf að skoða eldra efni sem var notað, Trausti ætlar að kanna það. Einnig hugmynd að hittast á vinnufundi og taka saman góða kynningu á verkefninu og hvar það stendur til að nota við styrkumsóknir.

Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, senda umsókn til þeirra, en þeir hafa styrkt okkur áður.

Seðlabankinn, Trausti ætlar að finna eldri gögn varðandi styrkinn sem koma frá þeim, þarf að skoða hvort við getum sótt aftur um styrk hjá þeim.

Ævar leggur til að við sækjum um í samtök Prentsögusafna í Evrópu, árgjaldið er um 50 evrur. Leita til þeirra varðandi hvernig þeir fóru að því að setja upp sínar sýningar og hvernig þau fjármagna reksturinn. Trausti og Tryggvi benda á að við séum ekki að fara reka safnið í Skálholti.

Morgunblaðið/Árvakur, kanna hvort það sé hægt að fá styrk þar. Trausti ætlar að heyra í Kristjönu í lðunni varðandi uppsetningu á þeim styrk þar sem hún hefur tengsl þar inn.

Hið íslenska bókmenntafélag, Trausti ætlar að heyra í Ólöfu hjá HÍB hvort þau geti styrkt okkur.

Sendu inn styrktarbeiðnir á bankana, og einnig þarf að skoða með sveitarfélögin og ASÍ.

Innheimta félagsgjalda, 244 af 300 félagsmönnum hafa greitt félagsgjaldið.

Ævar ætlar að hafa samband við Guðjón Ragnar Jónsson varðandi textavinnslu fyrir sýninguna og hvar sé mögulega sé hægt að kanna með styrki þar sem hann telur Guðjón vera lunkinn í að sækja um styrki. Stefnum á að fá Guðjón á fund með okkur.

Niðurstaða fundarins er sú að við þurfum að klára kynningarefni fyrir styrkumsóknir, Ævar mun senda textann á hópinn og allir fara yfir og koma með tillögur.

Fundi slitið kl. 18:00.

Fundinn ritaði Díanna H. Sigurfinnsdóttir í fjarveru ritara Katrínar Jónsdóttur.